

**Nd.**

## **522. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðis-samþykktir.

Frá meiri hluta heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. þetta á mörgum fundum og leitað umsagnar um málið hjá héraðslækninum í Reykjavík, landlækni og stjórn Læknafélags Reykjavíkur, og hafa allir þessir aðilar gert bréflaga grein fyrir afstöðu sinni til frv., og eru svör þeirra birt hér sem fylgiskjöl með nefndarálitinu. Auk þess átti nefndin viðræður við heilbrigðismálaráðherra, landlækni, borgarstjóra og heilbrigðisfulltrúa Reykjavíkur um frumvarpið.

Eins og frv. ber með sér, fer það fram á, að verksvið heilbrigðisfulltrúans verði mjög aukið og embættisheiti hans hér eftir borgarlæknir. Er honum ætlað að hafa með höndum ýmsar framkvæmdir og heilbrigðiseftirlit, sem fram á þessu samkv. lögum hafa heyrt undir héraðslækninn í Reykjavík.

Í lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, eru skýr ákvæði, sérstaklega í 4. og 5. gr. téðra laga, um verksvið og störf héraðslækna almennt, og segir þar, að héraðslæknir hafi hver innan síns héraðs eftirlit með heilbrigðismálum og annist þar framkvæmdir opinberra heilbrigðisráðstafana samkv. lögum og fyrirmælum ráðherra og undir eftirliti landlæknis. Auk þess eru í lögum þessum ýmis ákvæði, er sérstaklega varða héraðslæknisembættið í Reykjavík. Frv. það, sem hér um ræðir, fer fram á gagngerar breytingar á fyrirmælum téðra laga frá 1932, og hefði því ekki verið óeðlilegt, að frv. færi einnig fram á breytingar á þeim lögum, og sýnir þetta bert, að frv. er fljótfærnislega undirbúið og að ekki er vanþörf á að taka það til rækilegrar yfirvegunar og endurskoðunar. Allir þeir sérfróðu aðilar, sem opinberlega hafa fram að þessu fjallað um heilbrigðismál Reykjavíkur og framtíðarskipulag þessara mála, hafa lítið svo á, að nauðsynlegt væri, að þessum málum væri sem mest stjórnað frá einum sameiginlegum stað undir yfirstjórn héraðslæknisins í Reykjavík, sem aftur væri ábyrgur gagnvart heilbrigðisstjórn ríkisins.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að ekki sé óeðlilegt, að Reykjavík sökum stærðar og fólksfjölda fái meiri íhlutun um þessi mál en verið hefur til þessa, og hið sama sjónarmið kom fram hjá heilbrigðisstj., er rætt var við hana um málið, en allir þessir aðilar voru sammála um það, að þetta væri ekki eins auðvelt, ef vel og heillavænlega á að skipast um þessi mál, bæði vegna Reykjavíkur og þjóðarinnar í heild, eins og frv. þetta gerir ráð fyrir, og þyrfti nákvæmari undirbúning af hálfu sérfróðra manna. Heilbrigðisstjórnin lýsti því og yfir við nefndina, að hún væri reiðubúin til þess að taka málið til rækilegrar athugunar í samráði við bæjaryfirvald Reykjavíkur og læknastéttina og leggja málið að nýju fyrir næsta Alþingi á komandi hausti, enda virðist ekkert vera því til fyrirstöðu, að málið dragist um þann tíma, því að frv., þótt að lögum verði, gerir ekki ráð fyrir neinni breytingu á skipan þessara mála, meðan núverandi héraðslæknir gegnir því embætti, annarri en

þeirri, að núverandi heilbrigðisfulltrúi hljóti nafnið borgarlæknir, og því takmarki virðist vera auðvelt að ná, án þess að um lagabreytingu þurfi að vera að ræða. Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að málið verði afgreitt með svofelldri

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að heilbrigðisstjórnin telur, að breyting sú á læknaskipun Reykjavíkur, sem lögfest yrði með samþykkt þessa frv., samrýmist ekki heilbrigðislöggjöf landsins í öllum atriðum, og með því að heilbrigðisstjórnin hefur tjáð sig þess albúna að efna til endurskoðunar læknaskipunar- og heilbrigðislöggjafarinnar í því skyni, að bæjaryfirvöld Reykjavíkur fái meiri ihlutun um þessi mál en nú er, svo og með því að nægur tími er fyrir hendi til slíkrar endurskoðunar, þar sem frv. er ekki ætlað að taka gildi fyrr en eftir nokkur ár, felur deildin heilbrigðisstjórninni að undirbúa mál þetta rækilega fyrir næsta þing og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 15. marz 1948.

Helgi Jónasson,  
fundaskr., frsm.

Katrín Thoroddsen.

Gylfi Þ. Gíslason.

#### Fylgiskjal I.

##### Kafli úr bréfi héraðslæknisins í Reykjavík.

Í þessum bréfkafla hef ég reynt að færa rök að þessum atriðum:

1. Að héraðslæknirinn í Reykjavík er nú orðið eingöngu heilbrigðismála- og heilbrigðiseftirlitslæknir, og ef taka á undan hans embætti heilbrigðiseftirlitið o. s. frv., þá er það raunverulega sama sem að leggja héraðslæknisembættið niður. Þetta er að vísu ekki viðurkennt í greinargerð frv., en reynt að láta líta svo út, að allmikið af störfum verði samt sem áður eftir í höndum héraðslæknis. Þetta er sjálf-sagt af vanþekkingu ritað. Sumt af þeim störfum, sem þar eru talin, hafa aldrei heyrt undir héraðslækni, svo sem eins og „lyfjagerð“. Að vísu er mér ekki ljóst, við hvað er átt með því orði, en sé þar átt við eftirlit með lyfjabúðum, þá hefur það aldrei legið undir héraðslækni.

Fjöldinn allur af hinu, sem upp er talið í greinargerðinni, á að hverfa í náinni framtíð undir hina tilvonandi heilsuverndarstöð, eins og sjá má á nefndaráriti því um heilsuverndarstöð í Reykjavík, sem nefnd sú, er ég áður minntist á, hefur skilað til bæjarstjórnar og ekki verið andmælt, svo ég viti.

Vegna þess að ég veit ekki, hvort hv. þingnefnd hefur séð þetta nefndarárit, þá leyfi ég mér hér með að láta fylgja afrit af því máli mínu til sönnunar.

Þá er eitt talið sem áframhaldandi starf héraðslæknis, það er að veita forstöðu sóttvarnarhúsinu í Reykjavík. Um þetta atriði er það að segja, að það hefur ekkert starf verið, komið fyrir á margra ára fresti, að sóttvarnarhúsið væri notað um tíma og tíma fyrir innanbæjarfaraldra vegna rúmleysis á farsóttahúsi bæjarins. En nú er gert ráð fyrir, að sóttvarnarhús ríkisins verði sameinað farsóttahúsi bæjarins og sett undir lækna Landsspítalans.

Þó skal því ekki neitað, að ekki kunni að vera eitthvað í upptalningu greinargerðarinnar, sem óráðstafað virðist eftir þessar athuganir, en það verða smámunir einir, sem engum dytti í hug að halda uppi sérstöku embætti fyrir. — Nei, ef borgarlæknisembættið verður stofnað í því skyni, að það taki við heilbrigðiseftirliti því, sem héraðslæknirinn nú hefur samkvæmt lögum, þá er sjálf-sagt að leggja héraðslæknisembættið niður, enda mundi það verða sjálf-gert. Enginn læknir mundi sækja um slíkt embætti, valdalaust og skugga einn. Ef bæjarstjórn endilega vill heimta heilbrigðismál bæjarins í hendur „borgarlækni“, launuðum af bænum og háðum bæjarstjórn, þá verður að stíga sporið fullt út, en ekki stofna til glundroða og vand-ræða í öllu eftirliti með því að sundra því.

2. Ég hef bent á það, að ég get ekki séð, hvers vegna heilbrigðisfulltrúinn geti ekki verið ráðunautur bæjarins í heilbrigðismálum, þó stöðu hans sé ekki breytt, og að hann þurfi endilega að heita „borgarlæknir“ til þess að vera nothæfur til slíks, fæ ég ekki skilið. Vitaskuld eru og geta alltaf verið ýmis mál varðandi heilbrigðismál bæjarins, sem eru þannig vaxin, að engin lagaskylda er að bera þau undir héraðslækni, ef menn vilja forðast það, svo sem sjúkrahúsmál og fleira, og aftur önnur þannig löguð, að það mundi að miklu leyti velta á stéttartilfinningu (Collegialiteti) heilbrigðisfulltrúans, hvort hann ráðgaðist um þau við héraðslækninn, ef hann teldi sér vansæmd í slíku eða teldi það geta haft hættulegar afleiðingar fyrir málefnið.

3. Þá hef ég bent á, að breyting á læknaSKIPUN Reykjavíkur, líkt og frv. fer fram á, hefur í för með sér svo miklar breytingar á fjölda annarra laga, ef ekki á að koma til verulegra árekstra og tvíverknaðar, að það er mikið verk, sem vinna þarf til þess að samræma allt þess háttar, ef embættin eiga að halda áfram að vera tvö. Mér dettur ekki í hug að reyna að benda á allan þann fjölda laga, sem þar koma til greina, það er hvorki timi né ástæða til þess. Aðeins vil ég leyfa mér að benda á hin allra nýjustu og merkustu af þeim, sem verulega snerta heilbrigðismál, en það eru lögin um almannatryggingar. Samkvæmt þeim getur „borgarlæknir“ ekki komið til greina sem sjálfstæður starfslæknir við heilsuverndarstöðina, vegna þess að þar er svo fyrir mælt í 82. og 83. gr., að ríkissjóður greiði laun allra lækna, sem þar starfa, og að ráðherra skipi þá. Þetta er aðeins eitt lítið dæmi, en virðist þó benda til þess, að löggjafanum hafi enn þá ekki, allt til síðustu ára, skilízt, að heilsuvernd og heilbrigðiseftirlit bæjarfélaganna væri verr komið í höndum ríkislaunaðra lækna heldur en bæjarlaunaðra.

Vegna þess mikla glundroða, sem þessi breyting kemur til með að gera meðal annars, finnst mér það hin mesta fjarstæða, að Alþingi samþykki frumvarpið á þskj. 347 á þessu þingi til þess eins, að því er séð verður, að löggilda nýtt nafn, nýjan titil á heilbrigðisfulltrúann í Reykjavík.

4. Loks vil ég benda á það sérstaklega, að í þessum bréfkafli lýsti ég yfir því við bæjarstjórn, að ef bylting þessi í skipun stjórnar heilbrigðismála bæjarins væri sprottin af vantrausti á mér (sem reyndar virðist nokkuð bóla á í síðustu málsgr. greinargerðar frumvarpsins, og mun ég ef til vill minnst á það síðar), þá væri ég fús til þess að láta af embætti. Það tilboð mitt stendur enn, en með því eina skilyrði, að stjórn heilbrigðismála bæjarins verði ekki sundrað og embætti mitt, hvað sem það yrði kallað, verði veitt samkv. lögum nr. 21 13. júlí 1937, það er, að eftirmaður minn uppfylli þær kröfur um menntun, sem þar eru gerðar, enda ætti ekki annað að geta komið til mála.

Skal ég þá loks leyfa mér að gera nokkrar athugasemdir við greinargerð frv. auk þess, sem ég þegar hef vikið að henni. — Þar er þess getið, að þegar heilbrigðisfulltrúastaðan varð laus, hafi verið ákveðið að gera hana að sjálfstæðu starfi o. s. frv. Ég skal ekki bera brigður á það, að þetta hafi komið til mála og verið tilætlunin. En þá hefur starfið verið auglýst undir röngum eða að minnsta kosti villandi forsendum. Ég tel alveg víst, að hefði starfið verið auglýst þannig, að einungis lækni yrði veitt staðan og hún ætti að verða „sjálfstæð“ og breyta um nafn hennar, þá hefðu fleiri lækna um hana sótt, og þá jafnvel einhver meðal þeirra verið nær því að fylla upp þær kröfur, sem lögin gera til slíks manns. Það er því vægast sagt undarlega að orði komið í greinargerðinni, þegar sagt er, að á þessum grundvelli hafi tekizt að fá dr. Jón.

Þessi grundvöllur var alls ekki reyndur með auglýsingunni og því alveg ósagt, hversu margir eða hversu menntaðir lækna kynnu að hafa sótt, ef læknaStéttin hefði ekki verið þessum fyrirhuguðu fyrirkomulagsbreytingum dulín, enda geri ég ráð fyrir, að ef frv. á þskj. 347 verður að lögum, þá telji læknaStéttin sjálfsgagt, að embætti það, sem það fjallar um, verði auglýst til umsóknar.

Þessi fyrirætlun bæjarstjórnar og bæjarráðs virðist þó ekki hafa verið fulltrúunum ljós, þar sem heilsuverndarstöðvarnefndin leggur til, eftir að dr. Jóni var veitt heilbrigðisfulltrúastaðan, að starfssvið héraðslæknis skuli vera hið sama og áður og heilbrigðisfulltrúi starfi með honum á sama hátt og áður. Í þessari nefnd voru þó að minnsta kosti tveir bæjarfulltrúar og að ég held annar úr bæjarráði. Svo er hitt, að þegar frv. það að heilbrigðissamþykkt, sem ég áður hef getið um, var afgreitt til bæjarstjórnar frá heilbrigðisnefnd, var enginn nefndarmanna, sem bar mál á það, að slíkrar breytingar væri von. Eiga þar þó sæti tveir bæjarfulltrúar, annar úr bæjarráði.

Þá er á það bent í greinargerðinni, að eðlilegra sé, að heilbrigðisfulltrúinn eða sá embættismaður, sem í hans stað kemur, sé háður yfirvöldum bæjarins, en ekki ríkis, vegna kostnaðar við þau störf, er hann stjórnar, en hann sé greiddur úr bæjar-sjóði. Er þar nefnt t. d. kostnaður við sorphreinsun. — Mig rak í rogastanz, þegar ég sá þessi rök, því héraðslæknirinn hefur aldrei haft með nein þess háttar fjárhagsmál bæjarins að gera. Það hefur verið heilbrigðisfulltrúinn, og einkum hefur þetta átt alveg við um sorphreinsunina, sem algerlega hefur lotið heilbrigðisfulltrúa, nema þær bendingar sem ég og heilbrigðisnefnd hafa til hans beint vegna kvartana eða annarra ástæðna.

Hvort sem því heilbrigðisfulltrúinn verður nefndur borgarlæknir eða ekki, þá hefur hann eftir sem áður alveg umráð þessara fjárhagsmála, nema heilbrigðisnefnd og bæjarstjórn ákveði öðruvísi.

Mér ber sjálfsagt að vera þakklátur fyrir það, að ekki er ætlað til, að breytingar þær, sem frv. felur í sér, komi til framkvæmda, á meðan ég sit í héraðslæknisembættinu, og má víst þakka það núverandi borgarstjóra, en ég óttast bara, að mitt starf fái ekki að njóta sín eftir eins og áður, eftir því sem á þessum málum hefur verið haldið á bak við mig af þeim, sem mest sækjast eftir framgangi frumvarpsins.

Í síðustu málsgrein greinargerðarinnar er þess getið, að gert sé ráð fyrir því, að ég veiti borgarlækni sem frjálsastar hendur. — Mér þykir leiðinlegt, að flutningsmenn frv. skyldu þurfa að láta á því bera við Alþingi, að ég mundi spilla fyrir heilbrigðismálum bæjarins og framgangi þeirra eða hafa slæm áhrif á starf heilbrigðisfulltrúans, ef ég skipti mér af þeim, meðal annars af því, að ég hafði getið þess áður, að samvinna okkar gæti orðið til hags fyrir bæinn, ef reynsla mín mætti aðstoða hans miklu þekkingu.

Annars vil ég benda á, eins og sjá má af oft nefndum bréfkafla hér að framan, að ég hafði ætíð ætlað mér að gefa heilbrigðisfulltrúanum sem frjálsastar hendur sem fulltrúa mínum í mínu umboði. Hvernig þessu verður við komið við „borgarlækni“ hef ég ekki enn gert mér ljóst, en sjálfsagt fer það eftir því hverja þegnsemi hann sýnir mér. Hitt er víst, að af þeim skyldum, sem mér lögum samkvæmt eru lagðar á herðar, læt ég engan taka neitt frá mér nema til framkvæmdar sem fulltrúa minn og í mínu umboði.

Satt er það, að ég fagnaði því að fá lækni mér til samstarfs, sem ég gæti haft sem fulltrúa minn með fullu umboði og þannig látið létta á mér miklum erli, enda gerði ég þá ráð fyrir fullum þegnskap og drengskap. Hinu fagna ég ekki, að stofnað sé til glundroða og tvíverknaðar í heilbrigðiseftirlitinu, án þess á mér verði létt, nema síður sé.

Loks vil ég leyfa mér að benda hv. heilbrigðis- og félagsmálanefnd aftur á það, að ég tel mjög æskilegt eða reyndar sjálfsagt, að frv. þetta sé ekki með offorsi barið fram á þessu þingi, enda hefur það engan árangur nema hégómlega nafnbreytingu á starfi.

Ef það mætti ræðast á milli þinga meðal lækna stéttarinnar og stéttarfélaganna, mætti vel fara svo, að þá lausn mætti finna, sem allir mættu vel við una.

Annars má búast við óþægilegum eftirköstum frá lækna stéttinni.

Því miður kemur þessi umsögn mín seinna fram og er flauturslegar samin en ég hefði viljað, vegna veikinda minna, en ég vona, að hv. heilbrigðis- og félagsmálanefnd láti það ekki granda góðum málstað.

Héraðslæknirinn í Reykjavík.

Magnús Pétursson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

## Fylgiskjal II.

Reykjavík, 4. marz 1948.

Til umsagnar mér sendu frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, vil ég taka fram:

1. Þar sem hér ræðir um mjög mikils háttar breytingu á læknaskipuninni í landinu, er illa til fundið að koma henni í kring með breytingu á lögum um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, með því að þau lög fjalla alls ekki um læknaskipunina. Ef slík breyting yrði gerð, eiga ákvæði þar að lútandi að sjálf-sögðu heima í lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna (sbr. einkum 4. og 5. gr. þeirra laga).

2. Hvarvetna í heilbrigðislöggjöf landsins er miðað við það, að héraðslæknar hafi umsjá allra heilbrigðismála, hver í sínu héraði, og séu ríkisembættismenn. Með því að taka svo mikinn hluta heilbrigðismála Reykjavíkur, sem hér er gert ráð fyrir, út úr þessu kerfi og fela umsjá læknis, sem ekki sé ríkisembættismaður, er svo gagnger breyting gerð á heilbrigðismálaskipuninni, að nauðsyn ber til að fara vandlega yfir alla heilbrigðislöggjöfina með tilliti til slíkrar umbyltingar. En það er svo yfirgripsmikið og vandasamt verk, að til þess hrekkur hvergi nærri hinn naumi tími, sem mér er skammtaður til að íhuga þetta frumvarp, enda vildi ég ekki vera einn um þá heildarathugun. Lög um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir fjalla um sérrekslu heilbrigðismála í einstökum sveitarfélögum. Virðast þau lög ein hafa verið höfð í huga við samningu þessa frumvarps. En til er fjöldi annarra heilbrigðis laga, svo og heilbrigðisákvæða í hinum sundurleitustu lögum, er taka á einn og sama hátt til landsins í heild, og miða öll, ýmist með orðanna hljóðan eða þegjandi, við afskipti héraðslækna sem embættismanna ríkisins og sérstakra trúnaðarmanna þess. Framkvæmd þessara heildar laga og lagaákvæða er síðan alla vega samtvinnuð framkvæmdum heilbrigðismála samkvæmt heilbrigðissamþykktum. Þess vegna fer ekki hjá því, eftir stofnun borgarlæknisembættis í Reykjavík af ekki meiri fyrirbyggju en efnt er til með þessu frumvarpi, að upp komi margvisleg vafamál um valdsvið borgarlæknis annars vegar og héraðslæknis hins vegar, og mundi það óhjákvæmilega leiða til árekstra, glundroða og stjórnsleysis, sem jafnan fylgir tveimur tígulkóngum í spili, er öðrum hættir við að leyfa það, sem hinn bannar. Af handahófi nefni ég sem dæmi framkvæmd ýmiss konar vinnuverndarlöggjafar, framfærslulaga, berklavarnarlaga, tryggingarlaga, húsaleigulaga, svo og framkvæmd skólaeftirlits og matvælaeftirlits, en margt fleira mætti nefna, og fer því fjarri, að ég hafi það allt á hraðbergi. Um matvælaeftirlitið — þar með talið hið viðkvæma mjólkureftirlit — er það að segja, að það er rekið á fjárhagslega ábyrgð ríkissjóðs, og fer því vissulega fjarri, að þá hæfi, að um það sýsli í Reykjavík starfsmaður bæjarins, algerlega óábyrgur gagnvart ríkisstjórninni. Kann líku máli að gegna um fleira. Flest störf héraðslækna eru innbyrðis svo nátengd og hvert í annað flækt, að miklum vandkvæðum hlýtur að verða bundið, ef ekki með öllu ógerlegt, að skipta þeim á milli tveggja embættismanna á sama stað, er hvorugur sé undir annan gefinn og hvor þjóni sínum herra. Annars er jafnframt

að gæta í þessu sambandi. Þjóðarheildin á svo mikið undir því, hvernig heilbrigðismál einstakra sveitarfélaga eru rækt og þá allra helst heilbrigðismál höfuðborgarinnar, að aftan að öllum síðum virðist farið með því að gera hana algerlega óháða íhlutun framkvæmdarvalds ríkisins um rækslu meginþorra heilbrigðismála hennar og borgarlækninn að algerlega ósjálfstæðum þjóni bæjarstjórnarinnar. Geri ég ráð fyrir, að slíkt sjálfræði, sem hér er stefnt að, eigi sér fá fordæmi með menningarþjóðum, enda allra sízt fallið til að halda bæjaryfirvöldunum vakandi á verðinum og örva þau til dáða.

3. Í héruðum utan Reykjavíkur er héraðslæknirinn jafnan ráðunautur sveitarfélaganna innan læknishéraðsins um allt, er lýtur að heilbrigðismálum. Veldur þetta ekki árekstrum og sízt svo, að á sveitarfélögin þyki halla. Vel má fallast á, að nokkru öðru máli gegni um Reykjavík, er svo miklu veltir. Hefði ég reyndar ekki talið óeðlilegt, að hún stofnaði til bæjarembættis, skipaðs þar til hæfum lækni, er hefði þá sýslu að vera sérfróður ráðunautur borgarstjóra, bæjarráðs og bæjarstjórnar um öll heilbrigðismál, er þessir aðilar þurfa að taka afstöðu til. Mætti læknir þessi hafa yfrið að starfa við að skipuleggja heilbrigðismál Reykjavíkur, þó að ekkert af störfum héraðslæknis félli beinlínis undir hann. Þar til nefni ég tryggingar- og framfærslumál sjúklinga, örkuþla fólks og gamalmenna, heilsuverndar- og sjúkrahjálparmál, þar með talin lækningastöðva- og sjúkrahúsmál, sem eiga fyrir sér að verða mikil sýsla, húsnæðis- og skipulagsmál o. fl. o. fl. En til viðbótar gæti það heyrt undir þenna lækni að fylgjast með því fyrir hönd bæjarins, að héraðslæknirinn innti röggsamlega af hendi sínar skyldur við bæjarfélagið. Þenna lækni mætti vel kalla borgarlækni, og er engrar lagaheimildar þörf til að stofna slíkt embætti.

4. Á Norðurlöndum eru bæði héraðslæknar og bæjar- eða borgarlæknar. En ekki þekkest það, að bæjarlæknir og héraðslæknir séu í sama umdæmi og skipti með sér störfum. Læknisumdæmi eru annaðhvort héraðslæknisumdæmi eða bæjarlæknisumdæmi (hinir stærri bæir), en aldrei hvort tveggja, og eru embætti þessi algerlega samsvarandi að öðru leyti en því, að hlutaðeigandi bæjarfélög eiga meiri eða minni ítök í skipun bæjarlæknanna, enda launa þá að meira eða minna leyti. Borgarlæknir Kaupmannahafnar er valinn af bæjarstjórninni, en konungur staðfestir ráðningu hans og að sjálfsögðu á ábyrgð heilbrigðismálaráðherra. Laun sín þiggur hann af bæjarstjórninni. Bæjarlæknar í Noregi munu vera launaðir bæði af bæjum og ríki, en í Svíþjóð að öllu leyti af bæjunum. Um tilhögun skipunar bæjarlækna í þessum löndum er mér ekki fyllilega kunnugt. Jafnskjótt sem frumvarp þetta kom fram á Alþingi, gerði ég ráðstafanir til að afla mér áreiðanlegra gagna um læknaskipun á Norðurlöndum með sérstöku tilliti til bæjarlæknisembættis, en þau gögn hafa því miður ekki borizt mér enn þá. Skortir það m. a. á, að ég geti nú þegar gengið svo frá þessari umsögn sem ég vildi.

5. Eðlilegt má telja, enda í samræmi við þróun læknaskipunarmála á Norðurlöndum, að Reykjavík krefjist aukinnar íhlutunar um skipun embættislæknis síns, hvort sem hann á heldur að heita borgarlæknir eða héraðslæknir, og þá allra helst, ef hún kys að hafa hann jafnframt að trúnaðarmanni og ráðunaut um öll heilbrigðismál sín, en hirðir ekki um að ráða til þess sérstakan lækni á þann hátt, sem vikið var að hér að framan. Vil ég, að þessu máli sé tekið af fyllstu sanngirni, jafnframt því sem ég ræð eindregið til þess, að sem nákvæmst hliðsjón verði höfð af skipun þessara mála á Norðurlöndum, sem hafa á langri reynslu að byggja í þessu efni. Við hinu vara ég, að flaustra hér upp, að lítt eða ekki athuguðu máli, þeirri skipun, sem hvergi mun eiga sér hliðstæður á byggðu bóli og fyrir fram má vita um, að leiða hlýtur til meiri eða minni vandræða. Ef að máli þessu er unnið af fullri gát með velvild og af sanngirni á báða bóga, efa ég ekki, að finna meg þá lausn þess, er háðir aðilar, ríki og bær, meg vel við una, enda takist að haga svo skipun borgarlæknis, ef til kemur, að vandræðalaust meg fela honum óskipt störf héraðslæknis, sem svo umhent er að skipta. Því heldur má vænta þessa, sem engin

ástæða er til að flaustra málinu af. Breytingarinnar er ekki æskt, fyrr en núverandi héraðslæknir í Reykjavík lætur af embætti, og eru því ár og dagar til stefnu. Ég tel ekki þá breytingu, sem ein kæmi nú þegar til framkvæmda, en það er breytingin á starfsheiti heilbrigðisfulltrúa bæjarins, og hlýtur að vera unnt að koma þeirri nafnbót við án ótímabærrar lagasetningar.

6. Vekja vil ég athygli á því, að samkvæmt lögum nr. 21 13. júní 1937 er sú krafa gerð til héraðslæknanna í Reykjavík- og Akureyrarhéraðum, að þeir séu sérfræðingar í heilbrigðisfræði. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að einmitt hin heilbrigðisfræðilegu störf falli undan héraðslækninum og undir borgarlækni. Af borgarlækninum er þó ekki krafizt sérkunnáttu í heilbrigðisfræði, heldur af héraðslækninum, sem heilbrigðisfræðilegu störfin á ekki að vinna. Á eftir yrðu og ríkari kröfur gerðar um kunnáttu til heilbrigðisfræðilegra læknisstarfa á Akureyri heldur en í Reykjavík. Varla þarf að taka fram, að hneyksli væri að lögfesta slíka endileysu.

7. Með samþykkt þessa frumvarps er bersýnilega stefnt að því, að núverandi heilbrigðisfulltrúi í Reykjavík hefjist af sjálfu sér upp í að verða borgarlæknir í Reykjavík og hljóti þar með samkeppnislaust eitt hið ábyrgðarmesta læknisembætti landsins. Þegar heilbrigðisfulltrúastarfið var auglýst laust á sínum tíma, var ekkert kunnugt gert um, að slíkt stæði til, enda alls ekki að sjálfögðu læknisstaða. Hafi þetta verið tilgangurinn, hefur starfið verið auglýst og veitt með villandi forsendum. Læknastéttin hefur lagt á það ríka áherzlu, að hvert opinbert læknisstarf væri auglýst laust til umsóknar, og hefur ekki frá því verið vikið nú hátt upp í tvo áratugi. Mun og almennt vera viðurkennt, að veitingar læknisembætta séu einhverjar hinar siðlegustu embættaveitingar hér á landi. Með því, sem hér stendur til, er bersýnilega vikið frá góðum og þjóðfélaginu hollum siðum, stefnt til algerlega óviðeigandi ófriðar við læknastéttina og móðgun sýnd hlutaðeigandi lækni með því að ætlast til þess, að hann taki við svo virðulegu embætti á jafnóvirðulegan hátt, og vil ég ekki láta mér detta í hug, að hann þekkest það.

8. Eftir að nýsett hafa verið lög á Alþingi, er hækka allar sektir, ákveðnar í lögum, í samræmi við kaupgjaldsvisitölu, er ekki jafnknýjandi nauðsyn á sérstakri hækkun sektarhámarks fyrir brot á ákvæðum heilbrigðissamþykktu (sbr. 4. gr. frumvarpsins), og svarar varla ómaki að hreyfa við lögnum eingöngu þess vegna.

9. Niðurstaða máls mins er sú að leggja til, að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað, en ráðstafanir gerðar til þess, að málið verði tekið til rækilegrar athugunar af sérstakri nefnd, er vel ætti við að skipa svo, að bæjarstjórn Reykjavíkur tilnefndi einn nefndarmann, Læknafélag Íslands annan og heilbrigðisstjórnin hinn þriðja. Mætti nefnd þessi ljúka störfum og skila tillögum sínum fyrir næsta Alþingi. Taka vil ég fram, að ég hef átt kost á að ræða þetta mál við marga lækna, og hef ég ekki rekið mig á neinn, er líti á það á annan veg en ég í aðalatriðum. Sérstaklega vil ég láta þess getið, að hinn eini læknir, sem sæti á í bæjarstjórninni, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, Sigurður Sigurðsson berklayfirlæknir, sem m. a. situr í heilbrigðisnefnd bæjarins, hefur eindregið lagzt á móti lögfestingu þeirrar skipunar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Fimm manna nefnd starfaði fyrir skemmstu á vegum bæjarstjórnarinnar til að gera tillögur um skipun heilsuverndarmála bæjarins. Nefnd þessi, sem í áttu sæti þrjú lækna og ein hjúkrunarkona, komst einróma að þeirri niðurstöðu, að héraðslæknisstörfunum ætti ekki að sundra.

10. Að lokum vil ég geta þess, að mér væri einkar kært að eiga rækilegt samtal við háttvirta nefnd og skýra nákvæmara einstök atriði, sem hér er ýmist ekki drepíð á eða aðeins mjög lauslega.

Vilm. Jónsson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

### Fylgiskjal III.

#### LÆKNAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík 3. marz 1948.

Sem svar við heiðruðu bréfi yðar, dags. 26. febr. þ. á., þar sem þér óskið um-sagnar L. R. á frumvarpi til laga um stofnun borgarlæknisembættis í Reykjavík, viljum vér taka fram eftirfarandi:

Þar sem tíminn, sem ætlaður er til þess að athuga frumvarpið, er svo stuttur, að ómögulegt er að halda fund í félagi voru til þess að ræða málið, verður svar þetta að skoðast álit stjórnar L. R. eingöngu.

Stéttarfélag lækna líta svo á, að þegar embætti losna eða ný embætti eru stofnuð, beri að auglýsa þau og gefa þannig þeim, sem þess óska, kost á að sækja um þau.

Greinargerð frumvarpsins gerir hins vegar ráð fyrir, að fyrir fram ákveðnum lækni verði veitt þetta embætti, og teljum vér, að félag vort geti illa unað þeirri aðferð.

Eins og háttvirtri nefnd er kunnugt, er gert ráð fyrir í lögum, að héraðslæknar í Reykjavík og Akureyri skuli vera sérfræðingar í hygiene, en skv. 3. gr. frumvarpsins skal borgarlæknir „hafa með höndum eftirlit og daglegar framkvæmdir í heilbrigðismálum bæjarins, þeim er héraðslæknir hefur hingað til annast ...“ m. ö. o. annast þau störf, sem helzt útheimta sérþekkingu í hygiene. Vér teljum það afturför, ef vikið verður frá því að krefjast sérþekkingar í hygiene af þeim lækni eða læknum, sem hafa á hendi heilbrigðiseftirlit í Reykjavík.

Skv. greinargerð frumvarpsins, er gert ráð fyrir, að breytingar þær, sem í frumvarpinu felast, komi ekki til framkvæmda, fyrr en núverandi héraðslæknir lætur af störfum, og virðist þess vegna ekki knýjandi nauðsyn á því, að frumvarpið fái afgreiðslu á því Alþingi, sem nú situr.

Að þessu athuguðu teljum vér rétt, að þessu máli verði frestað, svo að tími gefist til betri undirbúnings. Vér erum fúsir til samvinnu við löggjafann um málið, ef þess yrði óskað.

Í stjórn Læknafélags Reykjavíkur.

Þórður Þórðarson,  
p. t. form.

Bergsv. Ólafsson,  
p. t. ritari.

Kristbjörn Tryggvason,  
p. t. gjaldkeri.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis.